# Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

**08 726**

## Ársreikningur 2018

## Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns .......................................................... | **2** |
| Yfirlit um afkomu ársins ....................................................................... | **3** |
| Efnahagsreikningur .............................................................................. | **4** |
| Sjóðstreymisyfirlit ................................................................................. | **5** |
| Starfsþáttayfirlit ................................................................................... | **6** |
| Skýringar ............................................................................................... | **7** |


**Heilbrigðisstofnun Vestfjarða**

**650914-0740**

**Torfnes, 400 Ísafirði**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er ríkisaðili í A-hluta sem þjónar íbúum Vestfjarða og veitir íbúum fjórðungsins, gestum, ferðafólki og sjófarendum á Vestfjarðamiðum alla bráðaþjónustu sem og aðra sjúkrahúsþjónustu sem unnt er að veita með tilliti til mannafla, aðstöðu og annarra faglegra þátta.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 2620,5 milljónir og afkoma kr. -14,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 29,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 350,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Ísafirði 28. apríl 2020

Staður, dags.

Gylfi Ólafsson

Forstöðumaður

# Yfirlit um afkomu ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 3 | 2.408.011.707 | 2.254.977.271 |
| Seld þjónusta | 4 | 165.660.021 | 162.024.362 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 5 | 32.157.260 | 25.368.065 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 3 | 14.632.078 | 10.926.545 |
| **Tekjur samtals** | | 2.620.461.066 | 2.453.296.243 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | 1.870.772.293 | 1.713.816.027 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 748.253.226 | 669.544.315 |
| Afskriftir | 8 | 14.632.078 | 10.926.545 |
| **Gjöld samtals** | | 2.633.657.597 | 2.394.286.887 |
| **Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði** | | (13.196.531) | 59.009.356 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | 403.967 | 63.653 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (1.336.406) | (8.192.285) |
| | | (932.439) | (8.128.632) |
| **Afkoma ársins** | | (14.128.970) | 50.880.724 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

## Eignir

| | Skýr | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 9 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður ........ | | 77.066.457 | 57.196.384 |
| Farartæki og vélar ........ | | 1.727.236 | 1.067.119 |
| Aðrar eignir ........ | | 62.671 | 89.894 |
| | | 78.856.364 | 58.353.397 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 78.856.364 | 58.353.397 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir ........ | 10 | 11.225.364 | 13.078.101 |
| Viðskiptakröfur ........ | 11 | 28.038.707 | 46.515.321 |
| Tengdir aðilar ........ | 12 | 171.514.032 | 232.399.814 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður ........ | 13 | 3.441.435 | 2.098.695 |
| Handbært fé ........ | 14 | 57.080.795 | 2.193.777 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 271.300.333 | 296.285.708 |
| **Eignir samtals** | | 350.156.697 | 354.639.105 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 15 | | |
| Hrein eign ........ | | 29.700.161 | 43.829.131 |
| **Eigið fé samtals** | | 29.700.161 | 43.829.131 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar ........ | 12 | 9.220.412 | 4.728.728 |
| Viðskiptaskuldir ........ | 16 | 64.484.441 | 74.614.500 |
| Ýmsar skammtímaskuldir ........ | 17 | 168.730.364 | 173.113.349 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda ........ | 18 | 78.021.319 | 58.353.397 |
| | | 320.456.536 | 310.809.974 |
| **Skuldir samtals** | | 320.456.536 | 310.809.974 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 350.156.697 | 354.639.105 |

**Aðrar upplýsingar** 19

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (14.128.970) | 50.880.724 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 8 | 14.632.078 | 10.926.545 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (14.632.078) | (10.926.545) |
| | | (14.128.970) | 50.880.724 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur | | 17.133.874 | 6.584.314 |
| Birgðir | | 1.852.737 | (3.335.798) |
| Tengdir aðilar | | 65.377.466 | 0 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (14.513.044) | (26.089.350) |
| | | 69.851.033 | (22.840.834) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 55.722.063 | 28.039.890 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 9 | (35.135.045) | (20.322.729) |
| | | (35.135.045) | (20.322.729) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tengdir aðilar | | 0 | (43.129.768) |
| Fjárfestingarframlag | | 34.300.000 | 20.322.729 |
| | | 34.300.000 | (22.807.039) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 54.887.018 | (15.089.878) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 2.193.777 | 17.283.655 |
| **Handbært fé í árslok** | | 57.080.795 | 2.193.777 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2018, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

| | Sjúkrasvið | Heilsugæslusvið | Hjúkrunarrými | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| | 08 726 111 | 08 726 101 | 08 726 121 | 2018 |
| | Málefnasvið - málaflokkur | | | |
| | 23 20 | 24 10 | 25 10 | |
| **Tekjur** | | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 877.500.000 | 851.711.707 | 678.800.000 | 2.408.011.707 |
| Seld þjónusta | 47.023.021 | 54.311.832 | 64.325.168 | 165.660.021 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 1.136.722 | 17.386.912 | 13.633.626 | 32.157.260 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 6.467.914 | 1.799.027 | 6.365.137 | 14.632.078 |
| **Tekjur samtals** | 932.127.657 | 925.209.478 | 763.123.931 | 2.620.461.066 |
| **Gjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 587.348.514 | 508.974.400 | 774.449.379 | 1.870.772.293 |
| Annar rekstrarkostnaður | 322.624.522 | 341.627.725 | 84.000.979 | 748.253.226 |
| Afskriftir | 6.436.002 | 1.784.194 | 6.411.882 | 14.632.078 |
| **Gjöld samtals** | 916.409.038 | 852.386.319 | 864.862.240 | 2.633.657.597 |
| **Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði** | 15.718.619 | 72.823.159 | (101.738.309) | (13.196.531) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | 403.967 | 0 | 0 | 403.967 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | (1.186.064) | (139.427) | (10.915) | (1.336.406) |
| | (782.097) | (139.427) | (10.915) | (932.439) |
| **Afkoma ársins** | **14.936.522** | **72.683.732** | **(101.749.224)** | **(14.128.970)** |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 756.000.000 | 767.100.000 | 676.200.000 | 2.199.300.000 |
| Fjáraukalög | 0 | 6.000.000 | (6.000.000) | 0 |
| Launbætur | 9.700.000 | 9.500.000 | 7.600.000 | 26.800.000 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárfestingafjárveiting | (4.300.000) | (8.000.000) | 0 | (12.300.000) |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 116.100.000 | 77.111.707 | 1.000.000 | 194.211.707 |
| Fjárveiting til tekna | 877.500.000 | 851.711.707 | 678.800.000 | 2.408.011.707 |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (862.563.478) | (779.027.975) | (780.549.224) | (2.422.140.677) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **14.936.522** | **72.683.732** | **(101.749.224)** | **(14.128.970)** |
| Staða fjárveitinga 2017 í lok þess árs | 59.792.244 | 64.469.882 | (81.987.569) | 42.274.557 |
| **Fjárfestingar** | | | | |
| Fjárveiting ársins skv. fjárlögum | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 22.000.000 | 0 | 0 | 22.000.000 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárfestingafjárveiting | 4.300.000 | 8.000.000 | 0 | 12.300.000 |
| Fjárfesting á árinu | (20.943.225) | (11.659.432) | (2.532.388) | (35.135.045) |
| **Staða fjáfestingafjárveitingar** | **5.356.775** | **(3.659.432)** | **(2.532.388)** | **(835.045)** |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld og búnaður ........................................ | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar ........................................ | 8-15 ár |
| Aðrar eignir ........................................ | óafskrifað |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.
Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

**Fjárfestingareignir**

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

**Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir**

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Skuldbindingar**

## Skýringar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Starfsþáttayfirlit**

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en einn málefnasvið eða málaflokk er aðgreining málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirlit. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

### 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

# Skýringar

| 3 Tekjufærsla fjárveitinga | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 2.420.311.707 | 2.275.300.000 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga | (12.300.000) | (20.322.729) |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2.408.011.707 | 2.254.977.271 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 14.632.078 | 10.926.545 |
| | 2.422.643.785 | 2.265.903.816 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 2.199.300.000 | 0 | 0 | 2.199.300.000 |
| Launbætur | 26.800.000 | 0 | 0 | 26.800.000 |
| Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting | (34.300.000) | 0 | 0 | (34.300.000) |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 216.211.707 | 0 | 0 | 216.211.707 |
| **Fjárveiting til tekna** | **2.408.011.707** | **0** | **0** | **2.408.011.707** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (2.422.140.677) | 0 | 0 | (2.422.140.677) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **(14.128.970)** | **0** | **0** | **(14.128.970)** |

| 4 Seld þjónusta | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 61.826.087 | 58.937.462 |
| Verksala | 0 | 0 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 41.501.212 | 47.271.768 |
| Gjöld fyrir vistun | 33.627.045 | 27.507.977 |
| Veitinga- og gistiþjónusta | 28.705.677 | 28.307.155 |
| | 165.660.021 | 162.024.362 |

**5 Framlög og ýmsar tekjur**

| | | |
|---|---|---|
| Leigutekjur | 14.050.864 | 11.046.661 |
| Kostnaðarhlutdeild | 2.339.778 | 1.921.192 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 1.992.445 | 0 |
| Ýmsar tekjur | 13.774.173 | 12.400.212 |
| | 32.157.260 | 25.368.065 |

**6 Laun og launatengd gjöld**

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 1.507.637.201 | 1.392.856.544 |
| Orlof, breyting | 8.899.627 | (689.603) |
| Launatengd gjöld | 353.313.655 | 321.141.097 |
| Starfsmannakostnaður | 921.810 | 507.989 |
| | 1.870.772.293 | 1.713.816.027 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 167,7 | 161,1 |

# Skýringar

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| **7 Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 2.600.886 | 3.011.336 |
| Byggingarvörur, almennar | 585.394 | 233.349 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 109.014 | 15.920 |
| Ýmis tæki og áhöld | 2.175.852 | 1.772.831 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 6.447.965 | 2.556.789 |
| Orkugjafar | 40.822.099 | 38.192.559 |
| Matvæli | 48.526.731 | 47.398.089 |
| Almennar rekstrarvörur | 8.922.762 | 7.488.006 |
| Vörukaup, almenn | 110.190.703 | 100.668.879 |
| | | |
| Rannsóknarstofuefni | 1.104.330 | 453.856 |
| Lyf og tengd efni | 59.114.856 | 61.812.029 |
| Lækninga- og hjúkrunarvörur | 30.484.817 | 27.493.483 |
| Sjúkrahústæki og áhöld | 192.231 | 155.071 |
| Kennslu- og föndurvörur | 333.211 | 346.831 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 5.000 | 47.330 |
| Vörukaup, sérgreind | 91.234.445 | 90.308.600 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 2.604.920 | 2.049.225 |
| Ferðir, uppihald | 8.053.095 | 6.346.826 |
| Akstur | 37.720.428 | 35.296.898 |
| Sérfræðiþjónusta | 256.774.996 | 200.793.236 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 1.408.642 | 1.426.793 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 1.016.638 | 1.141.428 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 9.045.609 | 6.380.826 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 316.624.328 | 253.435.232 |
| | | |
| Samningsbundin kaup og leiga | 2.708.741 | 3.065.693 |
| Afnotagjöld | 16.026.048 | 20.085.735 |
| Leigugjöld | 150.896.087 | 136.760.643 |
| Notkun véla og flutningatækja | 4.419.808 | 3.127.876 |
| Verkkaup | 52.994.684 | 56.341.330 |
| Áhættutap og bætur | 12.480 | 0 |
| Tryggingar, lögboðnar | 649.879 | 344.894 |
| Opinber gjöld | 1.263.410 | 2.103.996 |
| Tilfærslur | 1.055.000 | 0 |
| Tapaðar kröfur | 177.613 | 3.301.437 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 230.203.750 | 225.131.604 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 748.253.226 | 669.544.315 |

## Skýringar

**8 Afskriftir**

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. | 7.627.939 | 5.128.920 |
| Lækninga- og rannsóknartæki | 6.252.033 | 5.028.931 |
| Farartæki og vélar | 724.883 | 556.763 |
| Aðrar eignir | 27.223 | 27.227 |
| Sölutap og úreltar eignir | 0 | 184.704 |
| | 14.632.078 | 10.926.545 |

**9 Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Áhöld og búnaður | 34.871.250 | 31.182.663 |
| Lækninga- og rannsóknartæki | 42.195.207 | 26.013.721 |
| Áhöld , tæki og búnaður | 77.066.457 | 57.196.384 |
| Farartæki og vélar | 1.727.236 | 1.067.119 |
| Aðrar eignir | 62.671 | 89.894 |
| | 78.856.364 | 58.353.397 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Farartæki og vélar | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2018 | 97.800.557 | 4.454.074 | 272.270 | 102.526.901 |
| Viðbætur á árinu | 33.750.045 | 1.385.000 | 0 | 35.135.045 |
| | 131.550.602 | 5.839.074 | 272.270 | 137.661.946 |
| Afskriftir 1.1.2018 | 40.604.173 | 3.386.955 | 182.376 | 44.173.504 |
| Afskrift ársins | 13.879.972 | 724.883 | 27.223 | 14.632.078 |
| | 54.484.145 | 4.111.838 | 209.599 | 58.805.582 |
| Staða 31.12.2018 | 77.066.457 | 1.727.236 | 62.671 | 78.856.364 |

**10 Birgðir**

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Vörubirgðir I (sbr. teg. 563, vörukaup I) | 3.181.543 | 2.839.846 |
| Vörubirgðir II (sbr. teg. 564, vörukaup II) | 8.043.821 | 10.238.255 |
| | 11.225.364 | 13.078.101 |

**11 Viðskiptakröfur**

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 27.035.985 | 49.816.758 |
| - Niðurfærsla vegna tapsáhættu | 1.002.722 | (3.301.437) |
| | 28.038.707 | 46.515.321 |

**12 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 9.934.989 | 69.825.515 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 2.684.808 | 3.680.064 |
| Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga | 158.894.235 | 158.894.235 |
| | 171.514.032 | 232.399.814 |

*Skuldir við tengda aðila:*

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 0 | 0 |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 9.220.412 | 4.728.728 |

## Skýringar

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|

**13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 3.441.435 | 2.098.695 |
| | 3.441.435 | 2.098.695 |

**14 Handbært fé**

| | | |
|---|---|---|
| Tékkareikningar | 57.080.795 | 2.193.777 |
| | 57.080.795 | 2.193.777 |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 1 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til handbærs fjár.

**15 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

**Hrein eign**

| | | |
|---|---|---|
| Jöfnuður 1.1. | 43.829.131 | (165.945.828) |
| Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar | 0 | 158.894.235 |
| Afkoma ársins | (14.128.970) | 50.880.724 |
| Jöfnuður 31.12. | 29.700.161 | 43.829.131 |

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 158,9 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

**16 Viðskiptaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 64.484.441 | 74.614.500 |
| | 64.484.441 | 74.614.500 |

**17 Ýmsar skammtímaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 167.104.259 | 158.204.632 |
| Ógreidd laun | 0 | 14.446.340 |
| Önnur ógreidd gjöld | 1.626.105 | 462.377 |
| | 168.730.364 | 173.113.349 |

## Skýringar

### 18 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 78.856.364 | 58.353.397 |
| Umframnotuð fjárveiting til fjárfestinga | (835.045) | 0 |
| | 78.021.319 | 58.353.397 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2018 | 58.353.397 | 0 | 58.353.397 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 22.000.000 | 22.000.000 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga | 0 | 12.300.000 | 12.300.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 35.135.045 | (35.135.045) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (14.632.078) | 0 | (14.632.078) |
| | 78.856.364 | (835.045) | 78.021.319 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 19,1 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

### 19 Aðrar upplýsingar

*Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, bæði ótímabundna og tímabundna til júlíloka 2020 og ýmsa aðra rekstrar - og þjónustusamninga m.a. vegna læknissþjónustu, sjúkraflutninga, lyfjaeftirlits, ræstingu, þvott á líni o.fl. . Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 232,3 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 208.7 milljónum.

*Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

*Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

*Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi